

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 189/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2020/1729 frá 17. nóvember 2020 um vöktun og skýrslugjöf varðandi þol gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 8c (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/652/ESB) í hluta 7.1. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„**32020 D 1729**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2020/1729 frá 17. nóvember 2020 um vöktun og skýrslugjöf varðandi þol gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB (Stjtið. ESB L 387, 19.11.2020, bls. 8).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (EB) nr. 2020/1729, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 387, 19.11.2020, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.